



## Sterk staða efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra

Vegna umfjöllunar um efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra að undanfögnu vill ríkislögreglustjóri koma eftirfarandi á framfæri við almenning:

1. Breytt skipulag efnahagsbrotadeildar og skilvirkari stjórnun frá 1. janúar 2007 hefur gert deildinni kleift að ljúka eldri málum og stytta málsmeðferðartíma.
2. Fjöldi ákæra á árinu 2008 er meiri en nokkru sinni í sögu deildarinnar, að undanskildu árinu 2004.
3. Málastaða efnahagsbrotadeildar er betri en nokkru sinni fyrr.

### Fjöldi starfsmanna efnahagsbrotadeildar 2004-2008

Í töflu 1 er að finna yfirlit yfir meðalfjölda starfsmanna á árunum 2004-2008. Rétt er að geta þess að í október 2001 var skipuriti embættis ríkislögreglustjóra breytt á þann hátt að rannsóknaraðstoð við lögreglustjórana og öryggismál voru færð undir sviðsstjóra efnahagsbrotadeildar frá öðru sviði embættisins. Þessum viðfangsefnum fylgdu tvær stöður lögreglumanna. Við skipulagsbreytingu lögreglunnar 1. janúar 2007 voru þessar stöður færðar frá efnahagsbrotadeild til greiningardeildar ríkislögreglustjóra og viðfangsefnin jafnframt. Nánari upplýsingar um sundurliðun er að finna í töflu 1.

**Tafla 1. Fjöldi starfsmanna.**

Meðaltal 2004-2008					
	2004	2005	2006	2007	2008
Sviðsstjóri / saksóknari	1	1	1	1	1
Löglærðir fulltrúar	2,9	2,6	2,8	2,8	4,0
Lögreglufulltrúar	14	12,6	12,1	9,7	8,7
Ritari		0,1	1	1	
Sumarstarfsmenn / kúrsusnemar	0,2	0,3	0,4	0,6	0,4
<b>Samtals, án tillitis við viðfangsefna</b>	<b>18,1</b>	<b>16,6</b>	<b>17,3</b>	<b>15,1</b>	<b>14,1</b>
Skv. tímabundinni fjárveigingu (Til frádráttar)	2				
V/rannsóknaraðst. og öryggismála (Til frádráttar)	2	2	2		
<b>Samtals við efnahagsbrotarannsóknir, án sérverkefna</b>	<b>14,1</b>	<b>14,6</b>	<b>15,3</b>	<b>15,1</b>	<b>14,1</b>

Þá ber að hafa í huga að á árunum 2003-2004 störfuðu tveir starfsmenn í efnahagsbrotadeild skv. sérstakri tímabundinni fjárveitingu. Þær stöður eru teknar með í töflunni varðandi árið 2004 en síðan einnig til frádráttar. Lögfræðingum í efnahagsbrotadeild hefur fjölgað á undanfögnu árum og eru nú fimm talsins. Einn löglærður fulltrúi lætur af störfum í árslok en hann var ekki fastráðinn.

**Tafla 2. Rekstrarkostnaður efnahgsbrotadeildar 2001-2007.**

<i>Gjaldaliðir í þús. króna</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Laun samtals	46.612	69.103	84.280	106.012	100.690	109.471	102.671
Ferðir og fundir	5.290	8.009	5.493	9.648	2.725	2.103	2.258
Rekstrarvörur samtals	1.141	1.437	1.869	2.582	1.803	1.913	3.674
Aðkeypt þjónusta	1.238	1.592	2.464	2.875	3.339	6.851	2.886
Húsnæði samtals	295	474	3.450	990	227	166	70
Bifreiðar og vélar samtals	19	33	1.091	1.053	1.038	744	843
Vextir, bætur, skattar	5	13	47	7	13	6	8
Eignakaup samtals	459	4.479		776	383	2375	129
Tilfærslur samtals			3.280				143
Rekstrarkostnaður alls	55.059	85.140	101.974	123.943	110.218	123.629	112.682
Sértekjur samtals	-252	-3					
Gjöld umfram sértekjur	54.807	85.137	101.974	123.943	110.218	123.629	112.682

**Fjölgun ákæra og staða við rannsókn mála**

Í byrjun árs 2007 voru gerðar skipulags- og stjórnunarbreytingar hjá efnahgsbrotadeild. Helmingur starfsmanna sem nú eru í deildinni hóf störf á þessum tíma. Nokkurn tíma tók að manna lausar stöður, enda er leitast við að vanda val starfsmanna til þeirra sérhæfðu og oft flóknu starfa sem deildin sinnir. Nokkur stöðurgildi voru ómönnuð af þessari ástæðu um lengri eða skemmri tíma. Þrátt fyrir þetta hefur á árinu 2008 komist á stöðugleiki, starfsandi í deildinni er góður og framleiðni hefur aukist. Er það samdóma álit yfirmanna deildarinnar að mjög vel hafi tekist til við val á nýjum starfsmönnum og að deildin sé nú vel mönnuð.

Samkvæmt málaskrá hefur efnahgsbrotadeild borist 117 kærur það sem af er árinu 2008. Af þeim hefur 99 málum verið úthlutað til rannsóknar sem er töluverð aukning frá fyrra ári.

Mörg þessara mála eru þess eðlis að fleiri en einn starfsmaður koma að rannsókninni. Almenn þróun virðist vera í þá átt að málin sem kærð eru til efnahgsbrotadeildar eru mörg hver umfangsmeiri en áður, teygja anga sína til annarra landa og þau varða meiri fjárhagslega hagsmuni.

Sama er að segja um ákæru það sem af er árinu, en þær voru 42 í 45 málum og hafa ekki verið fleiri í sögu deildarinnar fyrir utan árið 2004 er ákæru voru 46 talsins.

Í löggæsluáætlun ríkislögreglustjóra vegna ársins 2008 eru efnahgsbrotadeild sett þau markmið að ljúka rannsókn og gefa út ákæru í öllum málum, nema þeim allra stærstu, innan tveggja ára frá því að kæra berst og að hefja skuli rannsókn þeirra innan sex mánaða. Við þessa ákvörðun var tekið mið af málshraða á liðnum árum. Í lok árs 2008 liggur fyrir að markmiðum þessum hefur að mestu verið náð. Búið er að gefa út



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ákærur í öllum málum eldri en tveggja ára nema einu sem er enn til rannsóknar. Þá eru tvö umfangsmikil og eldri skattsvikamál nú til meðferðar hjá dómstólum. Flest þeirra mála sem sætt hafa ákæru á árinu 2008 lauk vel innan árs frá því að kæra barst.

Málum er forgangsraðað og hafa allar kærur í umfangsmiklum sakamálum verið settar í rannsókn án tafar.

Staða mála í efnahagsbrotadeild er betri en hún hefur nokkru sinni verið. Afköst deildarinnar hafa aukist og það markmið sem deildin hefur sett sér til að stytta þann tíma sem líður frá því að kæra berst þar til rannsókn hefst hefur gengið eftir. Nú bíða 18 mál til rannsóknar hjá deildinni og er elsta málið frá því í lok október sl. en önnur eru frá því í nóvember og desember.

### **Frekari efling efnahagsbrotarannsókna**

Með nýju embætti sérstaks saksóknara sem sett hefur verið á stofn til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði er gert ráð fyrir því að rannsóknar- og ákæruheimildir hins sérstaka saksóknara taki meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota. Samhliða hinu nýja embætti mun efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra annast þau mál sem deildinni eru ætluð.

Þannig hafa rannsóknir og saksókn í þessum málaflokki verið stórefld.

Ríkislögreglustjóri, 23. desember 2008